

Íslenskur iðnaður

02. tölublað 20. árg.

Febrúar 2013

Samtök iðnaðarins

SI



Svana Helen Björnsdóttir, Ragnheiður Elín Árnadóttir, Þorsteinn Pálsson



Hilmar V. Pétursson, Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, Aðalheiður Héðinsdóttir



Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Gylfi Gíslason, Bergsteinn Einarsson



Ragnar Guðmundsson,
fundarstjóri Iðnþings
og Sveinn Hannesson,
fundarstjóri aðalfundar

IÐNÞING 2014

DRIFKRAFTUR NÝRRAR SÓKNAR

Iðnþingið er haldið í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal, fimmtudaginn 6. mars og hefst kl. 13.00.

Á Iðnþingi verður fagnað 20 ára afmæli SI og fjallað um fjölbreyttan iðnað sem drifkraft nýrrar sóknar og endurreisnar. Horft verður til framtíðar, rætt um tækifæri til sóknar og hvað þarf til að byggja upp öflugt atvinnulíf og auka hagsæld.

Að lokinni ræðu formanns, **Svönu Helenar Björnsdóttur** og ávarpi **Ragnheiðar Elínar Árnadóttur**, iðnaðarráðherra, verða flutt þrjú erindi um tækifæri til sóknar og hvað þarf til að byggja upp fjölbreytt og verðmætaskapandi atvinnulíf sem tryggir þjóðinni góð lífskjöri.

Ný sókn

Þorsteinn Pálsson, fv. forsætisráðherra og framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins, greinir hvað þarf til nýrrar sóknar og fjallar um forsendubreytinguna frá því að hann hóf stjórnmalastörf árið 1980.

Guðbjörg Edda Eggertsdóttir, forstjóri Actavis, beinir sjónum að viðskiptatækifærum alþjóðlegra fyrirtækja hér á landi og hvað þarf til að þau vaxi og dafni og **Hilmar Veigar Pétursson**, framkvæmdastjóri CCP, fjallar um sóknarfæri til framtíðar og leggur til grundvallar reynslu föður síns af rekstri byggingafyrirtækis og eigin reynslu af að reka ört vaxandi upplýsingatæknifyrirtæki.

Drifkraftur í iðnaði

Þá flytja fjórir forráðamenn ólíkra iðnfyrirtækja stutt erindi og segja reynslusögur af fyrirtækjum sínum en þær endurspeglar drifkraftinn í íslenskum iðnaði. **Gylfi Gíslason**, framkvæmdastjóri Jáverks, rekur hvernig stóru byggingaverktakafyrirtæki reiddi af í kreppunni.

Aðalheiður Héðinsdóttir, framkvæmdastjóri Kaffitárs, segir frá hvernig fyrirtækið hefur vaxið úr lítilli kaffibrennslu í umfangsmikla iðnaðarframleiðslu og veitingaþjónustu á 20 árum. **Guðmundur Fertram Sigurjónsson**, framkvæmdastjóri Kerecis, fjallar um vöxt í heilbrigðistækni en Kerecis er eitt þeirra fyrirtækja sem hafa þróað vörur úr vannýttu hráefni með nýrri tækni. **Bergsteinn Einarsson**, framkvæmdastjóri Sets, segir frá því hvernig fyrirtækið hefur lagað sig að breyttum aðstæðum í árána rás með því að leggja áherslu á hátt tæknistig, framleiðni og gæðavitund, en fyrirtækið hóf starfsemi sína fyrir fjórum áratugum.

Fundarstjóri verður Ragnar Guðmundsson, forstjóri Norðuráls.

Að loknu Iðnþingi verða léttar veitingar í boði.

Samtök iðnaðarins eru nú stærri og fjölbreyttari en nokkru sinni fyrr. Grípum tækifærin og nýtum drifkraftinn í iðnaði áfram til nýrrar sóknar.

SI hvetja félagsmenn til að fjölmenna á Iðnþing og vakin er athygli á því að skráningar er krafist á aðalfund og Iðnþing á www.si.is

Aðalfundur Samtaka iðnaðarins er haldinn 6. mars í Íþrótt- og sýningarhöllinni Laugardal og hefst með hádegisverði í boði SI kl. 12.00. Að loknum hádegisverði hefjast hefðbundin aðalfundarstörf, svo sem skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár, lýst kjöri formanns og meðstjórnenda og almennar umræður undir liðnum önnur mál. Að lokum er ályktun Iðnþings tekin til samþykktar. Fundarstjóri er Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Gámafélagsins.

Drifkraftur nýrrar sóknar

Það er sterkur samhljómur í málflutningi atvinnulífsins nú á þessu unga vori. Það er sést vel á ársfundum sem öll samtök atvinnulífsins halda nú hvert af öðru. Efst á dagskrá allra er að leysa úr læðingi vaxtakrafta efnahagslífsins til að snúa frá kreppu til verðmætasköpunar og vaxtar. Viðskiptaráð lagði höfuð-áherslu á alþjóðageirann og skilyrði hans á Viðskiptabingi sínu. SA munu setja samkeppnishæfni rækilega á dagskrá á ársfundi sínum. Á Iðnþingi - sem jafnframt markar upphaf afmælishátíðar SI - munum við hamra inn í þjóðfélagssumræðuna að drifkraftur nýrrar sóknar Íslands sé fjölbreyttur, samkeppnishæfur útflutningsiðnaður.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er talað um nýja sókn í þágu lands og þjóðar og við tökum stjórnvöld á orðinu. Nú höfum við aftur eignast ráðherra með iðnaði í embættisheiti sínu og fögnum því mjög hvernig hún hefur nú þegar látið

muna um sig í þeim verkum sem vinna þarf til að styrkja starfsskilyrðin. Á Iðnþingi tvínum við saman spurninguna um hvað þurfi svo að ný sókn sjái dagsins ljós í þágu lands og þjóðar og sannar frásagnir af gólfi fyrirtækjanna af árangrinum af drifkraftinum í iðnaði. Þetta verður deigla fyrirætlaða og framtíðarsýnar. Íslendingar að tala við Íslendinga um leiðir að markmiðinu um hagsæld og lífsskjör í landi sem enn hefur ekki hrist kreppuna af sér.

Samtök iðnaðarins urðu til á krepputíma en jafnframt tíma jákvæðra kerfisbreytinga sem leiddu til stórbættra starfsskilyrða fjölbreytts iðnaðar. Við núverandi aðstæður er skýrara en oft áður að heildin er öll á sama báti og ljósvitar hagstjórnarmarkmiðanna þeir sömu á hvaða sviði sem fyrirtækin starfa. Í loftinu liggur samhljómur atvinnulífsins alls um að allt annað sé óásættanlegt en að Ísland nái fyrri stöðu



Svana Helen Björnsdóttir
formaður SI

sem samkeppnishæft land, aðlaðandi fyrir fólk og fyrirtæki. Til þess þarf að virkja jákvæða krafta og því verður hvergi á móti mælt að drifkraftur nýrrar sóknar sé iðnaður í allri sinni fjölbreyttu og skapandi mynd.

Í kjöri til formanns SI



Guðrún Hafsteinsdóttir

f. 9. febrúar 1970, Kjörís ehf.

„Ég er fædd inn í fjölskyldufyrirtækið Kjörís ehf. í Hveragerði og hef setið þar í stjórn í yfir tuttugu ár ásamt því að gegna þar ýmsum stjórnunarstöðum. Ég var kjörin í stjórn Samtaka iðnaðarins vorið 2011 og endurkjörin á Iðnþingi árið 2013.

Verði ég kjörin formaður mun ég beita mér fyrir auknum slagkrafti Samtaka iðnaðarins í baráttunni fyrir eflingu iðnaðar og atvinnulífs í landinu. Endurreisnin gengur of hægt og það skortir meiri fjárfestingar í iðnaði hér á landi. Ef ytri þættir eru í lagi þá getur íslenskur iðnaður vaxið og dafnað á næstu árum.

Breiddin í Samtökum iðnaðarins er mikil og gæta þarf hagsmuna allra, smárra sem stórra fyrirtækja. Víðtækt samráð þarf að eiga sér stað við félagsmenn um stefnumótun samtakanna og tryggja verður að við tölum einni röddu. Áherslur: Hagstætt skattaumhverfi. Uppbygging og hagnætur. Heilbriggt samkeppnisumhverfi. Ljúka aðildarviðræðum og þjóðaratkvæðagreiðslu.“



Svana Helen Björnsdóttir

f. 20.12.1960, starfandi stjórnarformaður Stika.

„Ég er verkfræðingur og í gegnum rekstur eigin tæknifyrirtækis í 22 ár þekki ég hvað ræður úrslitum í rekstri fyrirtækja sem fá enga markaðsvernd heldur verða að standa sig í krefjandi samkeppni. Í samstarfi við innlenda og erlenda aðila hefur mér lært að það eru mörg tækifæri til verðmæta- og nýsköpunar í íslenskum iðnaði. Sem formaður SI hef ég beitt mér fyrir því að íslenskum fyrirtækjum séu tryggð samkeppnishæf skilyrði í alþjóðlegum samanburði. Það vil ég áfram gera. Brennandi áhugi minn á iðnaði sem drifkrafti endurreisnar efnahags í landinu og reynslusjóður frumkvöðulsins rekur mig áfram. Mikill árangur hefur náðst með eflingu SI. Með fjölgun félaga, betra samstarfi við stjórnvöld og reglulegum fundum með iðnaðarráðherra hefur slagkraftur SI aukist og SI eru nú virk við mótun atvinnustefnu og atvinnuskilyrða til langs tíma. Árangur sést einnig víða í nýsköpun fyrirtækja og frumkvöðlastarfi. Framundan er að efla verulega verk- og tækninám. Næsta skref er að bæta hagtölugerð um iðnaðinn, greina betur tækifæri til verðmætasköpunar og útflutnings og auka fjárfestingar.

Ég heiti á áframhaldandi stuðning ykkar til að nýta þegar fengna dýrmæta reynslu til forystu fyrir iðnaðinn.“

Í kjöri til stjórnar SI



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959, GT Tækni ehf.
„Ég hef áhuga á að beita mér til hagsbóta fyrir iðnaðinn og atvinnulífið í heild. Ég vil tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að standast alþjóðlega samkeppni, efla verk- og tæknimenntun, hlúa að sprotafyrirtækjum, auka framleiðni með gæða- stjórnunarkerfum og halda áfram að styðja það góða starf sem unnið er á ýmsum sviðum innan Samtaka iðnaðarins. Áhugamál: Skokk, almenn útivist og stangveiði.“



Eyjólfur Árni Rafnsson

f. 21. apríl 1957, Mannvit. „Ég hef unnið í tengslum við íslenskan iðnað alla tíð, er húsasmiður í grunninn en lauk síðar doktorsnámi byggingarverkfræði. Undanfarin 20 ár hef ég verið í forystu fyrir íslenskar verkfræðistofur, fyrst Hönnun og síðar Mannvit eftir samruna við aðrar stofur. Íslenskur iðnaður er mér afar hugleikinn, vöxtur hans og viðgangur, því býð ég mig fram til stjórnarsetu í SI. Við erum á tímamótum, íslenskt samfélag ekki síður en önnur hefur farið í gegnum erfiða tíma á undanförunum árum. Traust í viðskiptum og samskiptum einstaklinga, fyrirtækja og þjóða bauð hnekki. Þetta traust þarf að endurreisa og SI er í lykilstöðu til að hafa áhrif þar, laða að fjárfesta og efla fjárfestingar m.a. með því að gera skattaumhverfi okkar gott og einfalt. Við þurfum að tryggja að íslenskum fyrirtækjum sé búið þannig umhverfi að þau standist alþjóðlega samkeppni. Við þurfum að efla og standa vörð um menntun á öllum stigum hvort sem er í grunnskólum, nám á framhaldsstigi, háskólanám eða verk- og iðnnám.“



Jón Gunnar Jónsson

f. 13. júní 1961, Actavis. „Samkeppnishæfni fyrirtækja er mér hugleikin, enda forsenda þess að hér haldist og byggist upp öflugur iðnaður til framtíðar. Í því felst að rekstrarskiilyrðin séu sambærileg við það sem gerist í löndunum í kringum okkur. Stöðugleiki sé tryggður og trúverðugleiki okkar sem þjóðar sé sannur. Það þarf sterkan málsvara til að vinna þessu verkefni framgöngu. SI eru ein öflugustu heildarsamtök fyrirtækja á Íslandi og hafa getu og hæfileika til góðra verka. Starfsferill minn spannar mörg ár í þjónustu leiðandi iðnfyrirtækja sem öll hafa átt aðild að SI eða forverum þess. Reynslan af því samstarfi er góð og hvatning til að leggja lóð á vogarskálarnar við að leggja samtökunum lið í áframhaldandi baráttu fyrir eðlilegu rekstrarumhverfi. Það er af mörgu að taka þegar horft er fram á veginn og má þar m.a. nefna skattaumhverfi, aðgang að erlendum mörkuðum, hvatningu til fjárfestinga og menntun í námsgreinum sem stuðla að uppbyggingu iðnaðar. Á liðnu ári hef ég átt þess kost að sitja í ráðgjafaráði SI og taka virkan þátt í starfi Samtakanna. Það er mér ljúft að bjóða fram krafta til stjórnar SI. Störf mín fyrir SS, Alcan og Actavis eru ágætt veganesti þegar kemur að málefnum iðnaðar á Íslandi.“



Lárus Andri Jónsson

f. 26. september 1949, Rafþjónustan ehf.
„Verkefni morgundagsins er að efla byggingar- iðnaðinn í landinu og bæta tölfraðilegar upplýsingar um raunverulega stöðu hans. Auka þarf verðmætasköpun með betra skipulagi og stjórnun, fyrirtækjum og starfsfólki í hag. Þetta eru verkefni sem ég tel að Samtökin eigi að styðja vel við og að því vil ég vinna.“

Þá hef ég hugleitt hvort ekki væri hægt að auka smáíðnað, sem gæti síðan orðið stór á íslenskan mælikvarða. Það mætti vinna ýmsa hluti úr áli, s.s. álpappír, álbakka, rafstrengi og ýmsa aðra hluti sem áliðnaðurinn hér á landi gæti átt þátt í að skapa. Þá verðum við að vera vel vakandi yfir þróun raf- og metanbíla og skapa þær aðstæður að fólk og fyrirtæki sjái sér hag í að nýta þessa nýju tækni. Einnig tel ég að við gætum farið í mikla verðmætasköpun með endurvinnslu á pappír, málmum og gleri svo eitthvað sé nefnt. Áhugamál: Öll hreyfing, útivist, veiði, skíði, sund og hjólréiðar.“



Sigsteinn P. Grétarsson

f. 08. nóvember 1966, Marel á Íslandi. „Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn SI. Ég hef 20 ára reynslu af stjórnunarstörfum á Íslandi, í Þýskalandi, Danmörku og Ástralíu. Sprotafyrirtæki eru mikilvæg uppspretta verðmætasköpunar Íslands í framtíðinni. Ég tel að reynsla Marel í uppbyggingu hátækni iðnaðar og í alþjóðavæðingu geti nýst íslenskum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. SI eru góður vettvangur til þess að miðla þeirri reynslu. Mikilvægustu verkefni Samtaka iðnaðarins er að tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum viðunandi starfsumhverfi til verðmætasköpunar. Áhugamál: Fritíma minn nota ég í samverustundum með fjölskyldunni og þá helst á skíðum og útivist í íslenskri náttúru.“



Vilborg Einarsdóttir

f. 31. desember 1967, Mentor ehf. Ég hef setið í stjórn SI undanfarin fjögur ár. Ég óska eftir stuðningi til stjórnarsetu næstu tvö árin. Ég er framkvæmdastjóri Mentors, fyrirtækis sem er í örum vexti á erlendum mörkuðum. Styrkur Mentors liggur í sterkum heimamarkaði en tæki-færi okkar erlendis byggja m.a. á íslenskri tækniþekkingu og hugviti. Ég vil nýta reynslu mína og þekkingu til að vinna áfram að eflingu íslensks iðnaðar enda eru mörg spennandi tækifæri til staðar fyrir íslensk fyrirtæki bæði hér heima og erlendis. Áhugamál: blak, líkamsrækt og samvera með fjölskyldunni.“

Afmælishóf

Matsæðill

Smárettarhlaðborð
Stótt höguskeið með sítur
ívöðum, hamafræud og
kumarsalat með fensal og síð,
Bláskófir gríflingur,
~~meir og ástíttuð~~
~~meir síð, meir síð~~
pönnudókur
með reyðum laxi

Áðalsættir
Nautsúndir og síðbakið reute
nóey með kryddfígðu grænmeti og
rauðvínadru

Elmsættir
Crème brûlée, súkkulaðilaka,
með árenðarbundnu meðliði og
vanílu marma

Múll og kvæði

Ágæti félagsmaður

Árshólf Samtaka Iðnaðarins verður
haldið föstudaginn 7. mars
í Silfurbergi, Hörpu.

Hjóni þetta hl. 19.50 í Eyri með úrþryggt
og smárettarhlaðborð. Borðhald hefst
hl. 20.30 í Silfurbergi með gómsættum
kvöldverði.

Ræðumaður kvöldsins er Katrín
Pétursdóttir forstjóri Lýsis en
veislustjóri er Sigsteinn P. Grétarsson,
aðstoðarframkvæmdastjóri Marels.

Spaniklæðnaður

Miðaverð krónur 7.900

Vinsamlegast tilkynnið þátttöku fyrir
28. febrúar til Þóru Ólafsdóttur í síma
591 0103 eða á netfangið, thora@si.is

Bendum félagsmönnum á að kostnaður
vegna bifreiðar í bílageymslu Hörpu er
1000 krónur ef bíll er sóttur fyrir
hl. 12.00 á hádegis leygandags.

